



# HLJÓMLIST

Á Listadögum barna og ungmenna í Garðabæ



GARÐABÆR



# Nafn ábyrgðarskóla

## **Grunnskólar**

Barnaskóli Hjallastefnunnar  
Flataskóli  
Hofsstaðaskóli  
Sjáländsskóli

## **Leikskólar**

Akrar  
Ásar  
Bæjarból  
Hæðarból  
Kirkjuból  
Kjarrið  
Lundaból  
Sjáländ  
Sunnuhvoll

## **Nafn verkefnis:**

*Hljómli* á Listadögum barna -og ungmenna í Garðabæ

## **Nafn verkefnisstjóra:**

Árdis Olgeirsdóttir fræðslu- og kynningarfulltrúi hönnunar Garðabæ





## Markmið verkefnis

### Markmið

Að efla nýsköpun og hönnun í námsumhverfi barna í leik-og grunnskólum í Garðabæ veturinn 2011-2012. Það var gert með því að flétta saman hönnun, myndlist, tónlist og dans í þemaverkefni undir heitinu HljómList.

Skapandi starf felst að miklu leyti í því að gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er nátengd hönnun og listkennslu en samþættir aðrar námsgreinar og námssvið.

Í verkefninu HljómList var lögð áhersla á samþættingu náms og sköpun sem byggist á hugsun og aðferðum sem opna nýja möguleika. Þar skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Í þessu verkefni hefur sköpunin tvíþætt markmið að efla hönnun og listir annars vegar og leggja áherslu á sköpun og tilraunir í starfi skólanna hins vegar.





## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Haustönn fór vel af stað með fundahöldum, skipulagningu og samvinnu við alla leik- og grunnskóla Garðabæjar. Þegar skólar tóku til starfa eftir sumarfrí hófst vinna með leik- og grunnskólakennurum að undirbúningi verkefnisins og skipulagi Listadaga barna og ungmenna sem voru haldnir í apríl 2012.

Á haustönn 2011 var haldin námsstefna um nýsköpun og frumkvöðlamennt fyrir kennara í leik- og grunnskólum og einnig voru haldnar hljóðfærasmíðjur fyrir elstu börn leikskóla og yngstu börn grunnskóla í Garðabæ. Á vorönn 2012 var boðið upp á danskennslu þar sem kenndur var sérstakur listadagadans og einnig var samstarf við Tónlistarskóla Garðabæjar um tónlistarverkefni þar sem æfð voru sameiginleg sönglög.





## Stjórnun verkefnis

Verkefnisstjórn var mynduð vorið 2011 og í henni sátu Árdísi Olgeirsdóttur fræðslu- og kynningarfulltrúi, Hulda Hauksdóttir upplýsingafulltrúi, Margrét Björk Svavarsdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningar sviðs, Anna Magnea Hreinsdóttir leikskólafulltrúi, Oddný Eyjólfsdóttir deildarstjóri skóladeildar og Gunnar Richardson forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar. Verkefnastjórnin fundaði reglulega um veturinn og auk þess voru haldnir reglulegir stöðufundir hjá verkefnastjórnunum þeim Árdísi Olgeirsdóttur og Huldu Hauksdóttur.

Einnig skipaði hver leik- og grunnskóli í Garðabæ 1-2 tengiliði sem komu á mánaðarlega fundi með verkefnastjórnunum þeim Árdísi og Huldu. Á fundum með tengiliðum var Hljóm- listarverkefnið skipulagt, fylgt eftir og kynnt og einnig var þar lagður grunnur að almennum undirbúningi fyrir Listadaga barna og ungmenna.



# Niðurstöður verkefnisins:

## Námsstefna í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt

Föstudaginn 16. september 2011 var starfsdagur leik- og grunnskólakennara í Garðabæ. Um 102 kennarar leik- og grunnskóla tóku þátt í námsstefnu um nýsköpun og frumkvöðlamennt. Dr. Rósa Gunnarsdóttir sérfræðingur hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu var aðalfyrirlesari og kennari á námsstefnunni sem var byggð upp á örfyrirlestur og vinnusmiðju þar sem þátttakendum var skipt upp í litla vinnuhópa. Í vinnusmiðjunni lagði Rósa áherslu á spurningar og vangaveltur eins og hvernig virkja má enn frekar fjársjóðinn sem býr í hverri manneskju – hugvitið.

Með barnið að leiðarljósi var farið yfir hvernig má gera bæði skapandi hugsun og skapandi starf að veruleika innan veggja venjulegrar skólastofu. Þátttakendur fóru í gegnum feril frá þörf til afurðar á einum degi og bættu þannig í verkfærakistu kennara sem áhuga hafa á að auka skapandi vinnu í sínu starfi.



# Niðurstöður verkefnisins:

## Hljóðfærasmíðjur

Á haustönn 2011 var elstu börnum leikskóla og yngstu börnum grunnskóla í Garðabæ ásamt kennurum boðið að koma og taka þátt í hljóðfærasmíðju undir leiðsögn tónlistarkennaranna Hjartar B. Hjartarsonar og Pamelu De Sensi. Þeim til aðstoðar við allan undirbúning var Árdís Olgeirsdóttir fræðslu- og kynningarfulltrúi list og hönnunar í Garðabæ. Kennarar komu með bekkinn sinn í smíðjuna og í heildina tóku rúmlega 500 börn þátt í smíðjuvinnunni og bjuggu til hljóðfæri. Öll hljóðfærin sem þátttakendur bjuggu til voru gerð úr ódýru efni úr byggingavöruverslun eða efni sem jafnvel mátti finna í geymslum. Hljóðfærasmíðjan gekk ákaflega vel og nemendur unnu svo áfram með hljóðfærin í skólunum, máluðu hljóðfærin og skreyttu.



## Listadagadans

Á vorönn 2012 fóru leiðbeinendur á milli allra leik- og grunnskóla í Garðabæ og bjuggu til „Listadagadans“ og kenndu dans við Eurovision-lagið „Stattu upp“ sem hljómsveitin Blár Ópal flutti. Danskennararnir settu myndband af dansinum inn á youtube þar sem kennarar og nemendur gátu séð dansinn og lagið og æft það atriði enn betur.



## Tónlistarverkefni

Í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar var haldið tónlistarverkefni á vorönn þar sem valin voru fjögur lög sem leik- og grunnskólanemendur áttu að æfa í sínum skóla. Guðbjört Kvien söngkennari í Tónlistarskóla Garðabæjar hafði umsjón með lagavalinu og fór í flesta leikskóla Garðabæjar einu sinni til að aðstoða við æfingu á sönglögum. Á sameiginlegri hátíð leik- og grunnskólabarna sem var haldin á Listadögum barna og ungmenna voru sönglög flutt undir stjórn Guðbjartar Kvien og þar voru einnig hljóðfærin með í för sem höfðu verið búin til á hljóðfærasmíðjunum um haustið.



# Niðurstöður verkefnisins:

## Afurðir og afraksturinn og sýningar verkefnisins

Afrakstur verkefnisins var miðlað á Listadögum barna og ungmenna vorið 2012 með sýningum fyrir bæjarbúa í Garðabæ, þar sem nemendur sýndu hljóðfærin sem þau bjuggu til, spiluðu á hljóðfærin ein og með samspili og sýndu dans.

Þema Listadaga barna og ungmenna í Garðabæ sem haldnir voru í lok apríl á þessu ári var „HLJÓMLIST“.

Í graslaut á Garðatorgi voru settar upp „hljóðfígúrir“ sem leik- og grunnskólar höfðu búið til og settu þannig skemmtilegan svip á bæinn á meðan á listadögunum stóð í lok apríl. Allir leik- og grunnskólar í Garðabæ tóku þátt í verkefninu og sýndu uppskeru sína með einum eða öðrum hætti.

Verk barnanna sem unnin voru yfir veturinn voru sýnd en það voru, hljóðfæri, bækur, ljósmyndir, leikföng o.fl. Verkin voru sýnd í skólunum og á sameiginlegri sýningu leik- og grunnskólabarna inni á Garðatorgi. Söfn bæjarins tóku líka þátt með sýningum og voru með viðburði.

Á listadögunum gafst foreldrum jafnt sem bæjarbúum tækifæri til að sjá þær afurðir sem nemendur höfðu unnið að undir handleiðslu kennara í gegnum HljómListar verkefnið.



## Sameiginleg listadagahátíð

Miðvikudaginn 25. apríl var hátíð á Garðatorgi fyrir nemendur í leik- og grunnskólum. Nemendur fóru í skrúðgöngu frá sínum skóla og mættu á Garðatorgið um kl. 10 þar sem Blásarasveit Tónlistarskólans tók á móti þeim. Á hátíðinni var sungið, dansað og spiluð saman lög sem æfð höfðu

verið fyrir hátíðina. Góí var kynnir og börnin dönsuðu Listadagadansinn og spiluðu á hljóðfærin sín.

# Mat á verkefninu

Verkefnastjórn og samvinna við leik- og grunnskóla tókst vel upp. Námsstefnan á haustönn hafði jákvæð áhrif á starf kennara að þeirra sögn, samkvæmt spurningalista sem sendur var út. Þó er ljóst að hver skóli tók verkefni með ólíkum hætti inn í skólastarfið um veturinn.

Einnig komu fram ábendingar um að smiðjuvinna sem var í boði fyrir skólahópa hefði einnig mátt vera fyrir eldri skólabörn á miðstigi en ekki eingöngu fyrir yngsta stig.

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefnið hélt áætlun og engin meiri-háttar frávik komu upp.

## Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Verkefni þetta féll ekki undir daglegt starf skóla og gat stundum verið erfitt að fá kennara á fundi eftir hefðbundinn skóladag. Því var mikilvægt fyrir velgengni verkefnisins og framgang þess að fá stuðning til að geta kallað

inn sérfræðinga til að fræða og leiðbeina starfsmanna- og barnahópum.

## Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Samkvæmt spurningalista sem sendur var út til kennara/skóla og lokafundar með tengiliðum listadaga var spurt um einstaka liði verkefnisins og hvernig til tókst. Mikil ánægja var með námsstefnu fyrir kennara sem virkaði

sem vítamínsprauta inn í skólastarfið um veturinn og sumir nefndu að þetta hefði haft bæði bein og óbein áhrif á það nýsköpunarstarf sem unnið er í skólunum.

## Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnisstjórar áætla að halda kynningu á verkefninu HljómList á ráðstefnu í nóvember 2012 um þróunarstörf í

skólum á vegum Sprotasjóðs og Samtaka áhugafólks um skólaþróun.



## Lokaorð

Verkefnið Hljómlist hélt góðum takti allan veturinn og hafði góð áhrif á skólastarfið þar sem það fléttaði saman hönnun, tónlist, nýsköpun og dans í þemaverkefni vetrarins. Eftir situr þekking um samþættingu margra skapandi námsþátta í einu verkefni og var markmiðið að efla nýsköpun í námsumhverfi barna í leik- og grunnskólum í Garðabæ veturinn 2011-2012.

Í leik- og grunnskólum var lögð áhersla á sköpun fyrst og fremst sem beindist að ferlinu og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, gleði og ímyndun fá að njóta sín í gerð hljóðfæra, tónlistar og dans. Þetta verkefni átti að gera námsumhverfi skóla þannig úr garði gert að það örvaði skynjun og studdi við sköpunarkraft barna. Í því samhengi gegndi starfsfólk skóla mikilvægu hlutverki með því að hvetja börn til að nálgast hljóðfæragerðina frá mörgum hliðum með skapandi hugsun og sjálfstæðum vinnubrögðum. Leikir með hljóðfæri, tónlist og dans voru mikilvægir sem slíkir og studdu við nýsköpunarkraft barna.

Sköpun snýst ekki eingöngu um eitthvað nýtt og frumlegt heldur og hagnýtingu þess sem skapað er. Með miðlun verkefnisins tóku börn og ungmenni í skólum í Garðabæ þátt í að móta menningu í Garðabæ með skapandi listahátíð og ferli sem tengdi skólastarfið við samfélagið.

Verkefnið hlaut styrk úr Sprotasjóði Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, og IKEA styrkti verkefnið ríkulega.

## Fylgiskjöl:

Útrentun af fréttum á heimasíðu Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)  
Auglýsing um námsstefnu fyrir kennara  
Bæklingur með dagskrá Listadaga barna og ungmenna  
Samantekt með spurningum og svörum skóla vor 2012  
Rekstrarreikningur

## Undirskrift:



Margrét Björk Svavarsdóttir,  
forstöðumaður fræðslu- og menningar sviðs.



Árdís Olgeirsdóttir  
Verkefnisstjóri





2012- ardiso@gardabaer.is



Garðabær

## Garðabær

Þú ert hér: [Forsíða](#) » [Fréttabirting](#) » Frétt  
16.09.2011

### Nýsköpun og frumkvöðlamennt



Föstudaginn 16. september var starfsdagur kennara í leik- og grunnskólum í Garðabæ. Kennarar gátu valið um ýmis námskeið og hátt í hundrað manns tóku þátt í námsstefnu í nýsköpun og frumkvöðlamennt sem var haldin að Garðatorgi. Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar stóð fyrir námsstefnunni í samvinnu við Hönnunarsafn Íslands með stuðningi IKEA og Sprotasjóðs Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Á námsstefnunni flutti dr. Rósa Gunnarsdóttir sérfræðingur hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu erindi um nýsköpun og frumkvöðlamennt. Einnig stýrði Rósa vinnusmiðju þátttakenda þar sem lögð var áhersla á skapandi uppfinningaferli og farið yfir hvernig gera megi skapandi hugsun og skapandi starf að veruleika innan skólafunnar.



*Námsstefnan hófst á fyrirlestri og svo var haldið í vinnusmiðju*

*þar sem þátttakendum var skipt upp í smærri hópa.*

Á námsstefnunni var Sædís Arndal smíðakennari í Hofsstaðaskóla kölluð upp. Gunnar Einarsson bæjarstjóri afhenti henni blómvönd og þakkaði sérstaklega hennar framlag við að virkja nemendur í Hofsstaðaskóla til þátttöku í Nýsköpunarkeppni grunnskóla. [Frétt um árangur Hofsstaðaskóla](#)



í keppninni.

*Sædís Arndal smíðakennari og Gunnar Einarsson bæjarstjóri*

Mörg önnur áhugaverð námskeið voru í boði fyrir kennara þennan dag og þar má nefna heimspekinámskeið sem fjölmargir tóku þátt í eftir hádegi.

[« Til baka](#)  
[Efst á síðu](#)

Bæjarskrifstofur Garðabæjar - Garðatorgi 7, 210 Garðabær - Sími 525 8500 - Fax: 565 2332 -  
[Senda síðu](#) -  [RSS](#)



Garðabær

## Garðabær

Dú ert hér: [Forsíða](#) » [Fréttabirting](#) » Frétt  
07.10.2011

### Skemmtileg hljóðfærasmiðja



Á haustönn hefur elstu börnum leikskóla og yngstu börnum grunnskóla ásamt kennurum verið boðið að koma og taka þátt í listasmiðju undir leiðsögn tónlistarkennaranna Hjartar B. Hjartarsonar og Pamelu De Sensi þar sem búin verða til hljóðfæri úr ýmsum efnum. Hljóðfærasmiðjan hefur farið vel af stað og nú þegar eru flest allir leikskólar búnir að koma og taka þátt og næstu vikur koma hópar úr grunnskólunum í smiðjuna. Nemendur vinna svo áfram með hljóðfærin í skólunum og

hugmyndin er að útbúa tónverk sem hægt er að spila á Listadögum barna og ungmenna vorið 2012.

Smiðjan er haldin í húsnæði Hönnunarsafns Íslands á Garðatorgi á vegum fræðslu- og menningar sviðs Garðabæjar og er hluti af verkefninu HljómList sem er undanfari Listadaga barna og ungmenna 2012. Verkefnið HljómList hlaut styrk úr Sprotasjóði Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og markmið þess er að efla nýsköpun og skapandi námsumhverfi barna í leik- og grunnskólum í Garðabæ veturinn 2011-2012.



*Athugað hvort hljóðið berist ekki alla leið*





*Blásið af fullum krafti í nýju blásturshljóðferin.*




*Beðið stillt í röð í Hönnunarsafninu áður en haldið er í hljóðfærasmiðjuna.*



*Hristurnar prófaðar*

[« Til baka](#)  
[Efst á síðu](#)

Bæjarskrifstofur Garðabæjar - Garðatorgi 7, 210 Garðabær - Sími 525 8500 - Fax: 565 2332 -  
[Senda síðu](#) -  [RSS](#)



Garðabær

## Garðabær

Dú ert hér: [Forsíða](#) » [Fréttabirting](#) » Frétt  
18.04.2012

### Listadagar barna og ungmenna



Listadagar barna og ungmenna í Garðabæ verða nú haldnir í fimmta sinn í apríl, dagana 19-28. apríl. Dagskráin spannar um eina og hálfu viku og undirbúningur er í fullum gangi í skólum bæjarins. Garðbæingar eru hvattir til að líta við í skólum bæjarins þessa daga og fylgjast með því skapandi starfi sem þar fer fram. Ætlunin er að vekja athygli á því listræna starfi sem fer fram allt skólaárið með því að gera það sýnilegra þessa daga. [Dagskrá listadaganna er aðgengileg hér á heimasíðu](#)

[Garðabæjar.](#)

#### „Hljómlist“

Þema listadaganna að þessu sinni er „HLJÓMLIST“ og mörg verkefni sem verða sýnd eða flutt á listadögunum taka mið af því. Þemað tengist m.a. verkefni sem hófst sl. haust þegar leik- og grunnskólakennurum í Garðabæ var boðið að taka þátt í námsstefnu um nýsköpun og skapandi námsumhverfi barna. Í framhaldi af því fengu elstu leikskólabörnin og yngstu grunnskólabörnin að taka þátt í listasmiðjum þar sem viðfangsefnið var að búa til hljóðfæri úr ýmsum eignum. Alls konar hljóðfæri voru búin til eins og hristur, blásturshljóðfæri o.fl. Afraksturinn verður sýndur á listadögunum þar sem börnin taka meðal annars þátt í skrúðgöngu miðvikudaginn 25. apríl og spila á hljóðfærin sín.

#### Sýningar á Garðatorgi

Á Garðatorgi verður sett upp samsýning leik- og grunnskólabarna og í göngugötunni á Garðatorgi verður hin árlega vorsýning myndlistarmanna úr Grósku sem opnar formlega á Sumardaginn fyrsta. Í lautinni á Garðatorgi verða settar upp „hljóðfígúrur“ sem leik- og grunnskólar hafa búið til og setja þannig skemmtilegan svip á bæinn. Í Bókasafni Garðabæjar verða ýmis listaverk eftir börn til sýnis og í Hönnunarsafni Íslands eru tvær áhugaverðar sýningar í gangi: Fingramál og Sjálfsagðir hlutir. Á sýningunni Sjálfsagðir hlutir er starfrækt listasmiðja fyrir skólahópa á meðan á listadögunum stendur.



*Þessi unga stelpa var mjög áhugasöm um listsýningu leik- og grunnskólabarna sem nú er til sýnis á Garðatorgi fyrir framan Bókasafnið.*

#### Öflug listnámsbraut í FG

Í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ verður hægt að skoða verk eftir nemendur á listnámsbraut á opnu húsi föstudaginn 20. apríl þar sem búið verður að setja upp verk á öllum hæðum og í öllum álmum skólans auk þess sem leiklistarbrautin sýnir stuttmyndir o.fl. Nemendur í FG koma víða við og verða með ýmsar sýningar í Suðurhrauni, Ármúla, Víkinni sjóminjasafni og Grófarhúsinu.

#### Söngleikur og tónleikar

Félagsmiðstöðin Garðalundur og Garðaskóli hafa árlega sett upp söngleik og sýningar eru hafnar á söngleiknum „We Will Rock you“. Síðustu sýningarnar eru haldnar á listadögunum og áhugasamir geta séð nánari upplýsingar um miðaverð og sýningartíma á heimasíðu Garðalundar, [www.gardalundur.is](http://www.gardalundur.is) Í Tónlistarskóla Garðabæjar verða haldnir fjölmargir tónleikar nemenda í framhaldsáfangi og nánari upplýsingar um tímasetningu eru á heimasíðu skólans, [tongar.is](http://tongar.is) Blásarasveit tónlistarskólans leikur að venju í skruðgöngu í hátíðardagskrá á Sumardaginn fyrsta.

#### Sameiginleg listadagahátíð

Miðvikudaginn 25. apríl verður haldin sameiginleg hátíð á Garðatorgi fyrir elstu börn leikskóla og nemendur í grunnskólunum. Nemendur fara í skruðgöngu frá sínum skóla og mæta á Garðatorgið um kl. 10 þar sem Blásarasveit Tónlistarskólans tekur á móti þeim með fögrum tónum. Á hátíðinni verður sungið, dansað og spilað saman. Góí verður kynnir og hljómsveitin Blár Ópal tekur lagið.

#### Opið hús

skóla og skoðað þær sýningar sem þar eru á göngum og í stofum og allir eru velkomnir. Hér var stiklað á stóru í upptalningu á því sem verður í boði á listadögunum en allir geta kynnt sér [dagskrána hér á heimasíðunni.](#)



Garðabær

## Garðabær

Þú ert hér: [Forsíða](#) » [Fréttabirting](#) » Frétt  
25.04.2012

### Skemmtileg listadagahátíð



Listadagar barna og ungmenna í Garðabæ eru enn í fullu fjöri og miðvikudaginn 25. apríl var blásið til Listadagahátíðar á Garðatorgi. Hátt í þúsund leik- og grunnskólabörn í Garðabæ mættu á hátíðina sem var haldin utandyra í graslautinni á Garðatorginu. Góð og mikil stemning var á meðal barnanna sem tóku virkan þátt í dagskránni þennan dag.

[Myndir frá hátíðinni á facebook](#)

### Frábær lúðrasveit

Lúðrasveit Tónlistarskóla Garðabæjar hóf dagskrána og spilaði nokkur vel valin lög við góðar undirtektir. Einnig gátu börnin spilað með á eigin hljóðfærum sem voru með í för. Hljóðfærin voru búin til á sérstökum listasmiðjum á síðustu önn og mikil tilhlökkun að fá að nota þau. Bæjarstjóri Garðabæjar Gunnar Einarsson bauð alla velkomna og þakkaði börnunum fyrir þeirra framlag við að gera listadagana að því sem þeir eru. Leikarinn Góí sló í gegn í hlutverki kynnis og stjórnaði dagskránni af stakri þryði.



### Söngur, gleði og dans

Nemendur hafa í vetur æft nokkur sönglög sem voru flutt sameiginlega undir stjórn Guðbjartar Kvien tónlistarkennara. Óhætt er að segja að börnin tóku vel undir og höfðu gaman af. Í lokin var stigin sannkallaður listadagadans við undirleik Ingós Veðurguðs tónlistarmanns og með dyggri aðstoð dansstúlkanna Nínu Bjargar og Katrínar sem stýrðu dansinum. Margir lögðu síðan leið sína inn á Garðatorgið til að skoða listsýningu leik- og grunnskólabarna og listsýningu Grósku. Framundan er heilmikil dagskrá í skólum bæjarins og víðar og [hér á heimasíðunni má sjá alla dagskrána.](#)

### [Myndasýrpa frá hátíðinni](#)





20

SKAPANDI  
VINNA



# SMÍÐJA

## Námsstefna í nýsköpun og frumkvöðlamennt

Hugmynd Nýsköpun  
Uppfinningarferli  
hönnun lausn framkvæmd

**Staðsetning: Í húsi Hönnunarsafns Íslands á Garðatorgi**  
**Tími: föstudagur 16. september, (starfsdagur) frá kl. 8:30 -14.00**

Þann 16. september n.k. standa fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar og Hönnunarsafn Íslands fyrir námsstefnu í nýsköpun og frumkvöðlamennt fyrir leik- og grunnskólakennara í Garðabæ. Námsstefnan verður haldin í smíðju í Hönnunarsafni Íslands. Námsstefnan er þátttakendum að kostnaðarlausu. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku með skráningu á:  
[ardisol@gardabaer.is](mailto:ardisol@gardabaer.is)

### Dagskrá

**Föstudagur 16. september frá kl. 8:30-14.00**

Dr. Rósa Gunnarsdóttir sérfræðingur hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu verður með vinnusmiðju í nýsköpunar og frumkvöðlamennt fyrir starfsmenn leik- og grunnskóla Garðabæjar.

Í vinnusmiðjunni mun Rósa leggja áherslu á hvernig virkja má enn frekar fjársjóðinn sem býr í hverri manneskju, hugvitið. Aðaláhersla verður á hagnýtar upplýsingar og reynslu fyrir kennara sem finna hjá sér hvöt til að auka skapandi vinnu í starfi sínu. Vinnusmiðjan verður alsett örlestrum sem byggja á nærri tveggja áratuga reynslu af nýsköpunar- og frumkvöðlamenntakennslu hér á landi og erlendis. Með barnið að leiðarljósi verður farið á einfaldan hátt í hvernig má gera bæði skapandi hugsun og skapandi starf að veruleika innan veggja venjulegrar skólastofu. Þátttakendur munu fara í gegnum feril frá þörf til afurðar á einum degi og bæta þannig í verkfærakistu kennara sem áhuga hafa á að auka skapandi vinnu í sínu starfi.

Markmið námsstefnunnar er að kveikja á hugmyndum sem nota má í daglegu starfi skólanna en fyrst og fremst verður lögð áhersla á skapandi uppfinningaferli og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir verða að veruleika.

Verkefnið HljómList sem er undanfari Listadaga 2012 hlaut styrk úr Sprotasjóði. Markmið þessa verkefnis er að efla nýsköpun og skapandi námsumhverfi barna í leik- og grunnskólum í Garðabæ veturinn 2011-2012. Það verður gert með því að flétta saman nýsköpun, tónlist, hönnun, og dansi í þemaverkefni undir heitinu HljómList.

Námsstefnan er styrkt af IKEA og Sprotasjóði Mennta- og menningarmálaráðuneytisins



# ÍSTA DAGAR 2012

## DAGSKRÁ

### ÞRIÐJUDAGUR 17. APRÍL

**Gæðalundur**  
**Kl. 20** Söngleikurinn *We Will Rock You*. Leikfélag Garðabánda og Garðaskóla er að setja upp sína 10. sýningu í ár. Söngleikurinn er byggður á lögum hljómveitunnar Queen og fjallar um leit ungs fólks að alvöru tónlist í heimi þar sem lífandi tónlistarflokkur er döglegur. Sýningin er fjórúg og líflig og stúflul af humor og skemmtilegri tónlist. Miðaverð 1000 kr. sjá nánar um miðasölu á [www.gardabundur.is](http://www.gardabundur.is).

### MIDVIKUDAGUR 18. APRÍL

Tískusýning útskriftarmála af Textil og fatahómnunarbroti Fjölbrotaskólans í Garðabæ, Armútt 21, Rvk - Elte húsið.  
**Kl. 20** Húsið opnar.  
**Kl. 20.30** Tískusýningin hefst.

### FIMMTUDAGUR 19. APRÍL SUMARDAGURINN FYRSTI

**Kl. 13** Skátumessa í Vídalinskirkju.  
**Kl. 14** Skróugnga að Hofstaðaskóla - skemmidagskrá við Hofstaðaskóla Blásarsveit tónlistarskólans spilar.

**Gærðortog**  
**Kl. 15** Samnýning Grosku - "Vor" Samnýning myndlistarmanna opnar í gönguvöðum.

### FÖSTUDAGUR 20. APRÍL

**Fjölbrotaskólinn í Garðabæ**  
**Kl. 13-16** Opinn listadagur, allir velkomnir í heimsólin!  
 • Listnámsbrautin sýnir brot af verkum í leiklistarskiptum, myndlistarskiptum og textil- og fatahómnunarskiptum á öllum hæðum og í öllum áttum skólans.  
 • Besti dagur lífs minns - Vídeoverk, lokaverkfemi nemenda af leiklistarbraut.  
 • Fönik - sluttmynd og göngingur, lokaverkfemi nemenda af leiklistarbraut.

**Súðurtraum 8 - leiklistarbraut FG**  
**Kl. 17** Víðeyri verðir - lokaverkfemi nemenda af leiklistarbraut.  
 Súðurtraum 6, 210 Garðabæ (við hliðina á Samheiti - kassabúðunni).  
 Viðangnefni er að vekja til meðvitundar um geðsjúkdögm, Afhorfendur eru hvattir til að mæta í þæðlegum skólalundum.  
 Allir velkomnir, ókeypis aðgangur.

### LAUGARDAGUR 21. APRÍL

**Galleri Föld - Reykjavík**  
 Ljósmyndasýning á verku nemenda úr Garðaskóla helgina 21. og 22. apríl. Ljósmyndir verða eining til sýnis í Garðaskóla á listadögum.

**Vikin Álistandagsins, Reykjavík - leiklistarbraut FG**  
**Kl. 13** Vaengfang, lokaverkfemi nemenda af leiklistarbraut.  
 Verkinu er ætíð að vekja til vitundar um þau áhrif sem einstaklingurinn getur haft. Öll eru með eit, Allir velkomnir, ókeypis aðgangur.

**Gæðalundur**  
**Kl. 18** Söngleikurinn *We Will Rock You*. Leikfélag Garðabánda og Garðaskóla er að setja upp sína 10. sýningu í ár. Söngleikurinn er byggður á lögum hljómveitunnar Queen og fjallar um leit ungs fólks að alvöru tónlist í heimi þar sem lífandi tónlistarflokkur er döglegur. Sýningin er fjórúg og líflig og stúflul af humor og skemmtilegri tónlist. Miðaverð 1000 kr. sjá nánar um miðasölu á [www.gardabundur.is](http://www.gardabundur.is).

### SUNNUDAGUR 22. APRÍL

**Galleri Föld, Reykjavík - nemendur úr Garðaskóla**  
 Ljósmyndasýning á verku nemenda úr Garðaskóla helgina 21. og 22. apríl. Ljósmyndir verða eining til sýnis í Garðaskóla á listadögum.

**Gæðalundur**  
**Kl. 14** og **20** Söngleikurinn *We Will Rock You*. Miðaverð 1000 kr. sjá nánar um miðasölu á [www.gardabundur.is](http://www.gardabundur.is).

### MÁNUDAGUR 23. APRÍL

**Sjálandeskóli**  
**Kl. 8,15-8.30** Morgunsöngur. Á meðan listadagur stendur geta gestir og gangandi komið í skólann frá kl. 8 - 16 og skoðað sýningu á göngum skólans sem teygir sig alla leið á Bókasafn Garðabæjar.

**Leikskólinn Heðarból**  
 Heimskól frá Tónlistarskóla Garðabæjar.

**Leikskólinn Kjarrið**  
**Kl. 10-11** Listasmíða - mála undir tónlistin úr Kamnáld dyrranna eftir Saint Saëns.

**Barneskóli Hjaltestofnumur - Vífilsstöð**  
 Listasýning á kjörnum, á skólatíma frá 23.-27. apríl, 9 ára stúlkur og drengir.  
**Kl. 13** Söngur í fjóru, 9 ára stúlkur og 9 ára drengir.

### ÞRIÐJUDAGUR 24. APRÍL

**Sjálandeskóli**  
**Kl. 8,15-8.30** Morgunsöngur.

**Hofstaðaskóli og leikskólinn Heðarból**  
 Furusel heimsskól Hofstaðaskóla, sýning hjá yngri bekkjum Hofstaðaskóla.

**Leikskólinn Alnar**  
**Kl. 9.30-11** Tékíó á móti gestum og gangandi. Kítu við og hitu börn og starfsfólk í leik og starfi.

**Vífilsstöðin - Barneskóli Hjaltestofnumur - Vífilsstöð**  
**Kl. 10** Upplestur ljóða og ljóðafletting við Vífilsstöðin. 8 ára stúlkur og drengir.  
**Kl. 10.20** Það gjörningur. Ljós, tónlist og myndbandagerð. Á kjarna í Vífilsstöð, 11 ára drengir.  
**Kl. 11** Gleðigöngingur við fjórú. 5 ára stúlkur og drengir.

**Hofstaðaskóli**  
**Kl. 13.30-14** Háttó vinnabækka, 1. og 3. bekkur kynna verkefni unni á voröðum.

**Lokasýning nemenda á Myndlistarbraut FG**  
 1. hæð í aðalísalni Borgarþókasafns Reykjavíkur. Gröfnaflúi, Trýggvabúti 15. **Kl. 17-18** Opnun á Trýggvabúti, sýningin stendur til 2. maí, opin á afgreiðslutíma salnsins.

### MIDVIKUDAGUR 25. APRÍL

**Gærðortog**  
**Kl. 09.30** Skróugnga barna frá leik- og grunnskólum og Gærðortog, Blásarsveit Tónlistarskóla Garðabæjar spilar.  
**Kl. 10-10.40** Sameiginleg háttó í grasbláttinu. Kynnir Góa Sameiginlegir söngur og spil. Listadagans barnanna. Hljómveitin Bjár Opall tekur lagið.

**Barneskóli Hjaltestofnumur - Vífilsstöð**  
**Kl. 10** Nýsýlarskróugnga á sal Villiskóla, 11 ára stúlkur.

**Leikskólinn Sjáland**  
**Kl. 10** Yngri hópar geta sér glaðan dag í sal skólans.

**Gærðortog**  
 Listasmíða nemenda. Hópavinnna tengd tónlist og margvíslegri listsköpun.

**Sjálandeskóli**  
**Kl. 8,15-8.30** Morgunsöngur.

**Hofstaðaskóli og leikskólinn Heðarból**  
 Birkisál heimsskól Hofstaðaskóla, sýning hjá yngri bekkjum Hofstaðaskóla.

**Leikskólinn Sjáland**  
 Opíó hus, sýningar á verku og myndum vinnufélaga

**Ásar**  
 Opíó hus, flt-ball, stímalatur og gleðiganga

**Sjálandeskóli**  
 Fjölbrotaskólinn við Ránargrönd

**Smábarnaleikskólinn við Ránargrönd**  
 Opíó hus, sýningar

**Garðaskóli**  
 Þennaragangur, listsmíður opíó hus, söngleikur

**Flátaskóli**  
 Listasýningar, flúgdrekasýningar, leiklistasýning og opíó hus

**Bókasafn Garðabæjar**  
 Smásagnakeppni og listsmíður

**Gærðortog**  
 Samnýning leik- og grunnskólabarna Samnýning myndlistarmanna Samnýning nemenda úr FG Lokahattó leiklagssins Drauma

**Vidalinskirkja/safrnadröheimili**  
 Háttó Garðabæjar, Gospækkur, Jóns Víðalinn

**Hofstaðaskóli**  
**Kl. 13.30-14** Hjóttó vinnabækka, 2. og 4. bekkur kynna verkefni unni á voröðum.

**Sjálandeskóli**  
**Kl. 9.30-11** Morgunsöngur.

**Hofstaðaskóli og leikskólinn Heðarból**  
 Furusel heimsskól Hofstaðaskóla, sýning hjá yngri bekkjum Hofstaðaskóla.

**Leikskólinn Alnar**  
**Kl. 9.30-11** Tékíó á móti gestum og gangandi. Kítu við og hitu börn og starfsfólk í leik og starfi.

**Leikskólinn Kjarrið okkar**  
**Kl. 10-11** Kamnáld dyrranna við listaröng.

**Íþróttamiðstöðin Ásar**  
**Kl. 10** Eldi börn af leikskólum Sunnulólvu sýna Zumba í Ásar og yngri börnin spila undir.

**Flátaskóli**  
**Kl. 10.30-11.30** Opíó hus, sýnd verða tónlistartrútur í söngveppinn "Flátovison" Verk nemenda sem unni hafa verið í tengslum við Listadaga í Garðabæ verða til sýnis í skólunum á meðan Listadaga standa yfir.

**Barneskóli Hjaltestofnumur - Vífilsstöð**  
**Kl. 11.15** Sögustund í fjóru við Vindhöpuna, frumsmíðni, 7 ára drengir.

**Gærðortog**  
 Listasmíða og ársáhrifabundunir. Fjölbreytt áttó sem sýnd verða á ársáhrif. Starfsfólk og nemendur lagga skólastöðum og vinna saman að undirbúningi og upplifun.

**Leikskólinn Lundaból**  
**Kl. 09-11** og **kl. 14-16** Listasmíða í sal fyrir börn og fullorðna. Upplagið tækifæri til þess að hafa gaman og virkja skópunarkraftinn.

**FÖSTUDAGUR 27. APRÍL**

**Sjálandeskóli**  
**Kl. 9.30-11** Morgunsöngur.  
**Kl. 10-10.40** Sameiginleg háttó í grasbláttinu. Kynnir Góa Sameiginlegir söngur og spil. Listadagans barnanna. Hljómveitin Bjár Opall tekur lagið.

**Barneskóli Hjaltestofnumur - Vífilsstöð**  
**Kl. 10** Nýsýlarskróugnga á sal Villiskóla, 11 ára stúlkur.

**Leikskólinn Sjáland**  
**Kl. 09.15-09.45** Opinn vinnudagur þar sem flutt verða áttó frá kjörnum og foreldrar boðnir velkomnir.

**Barneskóli Hjaltestofnumur - Vífilsstöð**  
 Sýning á óskapuðum, á skólatíma, 7 ára stúlkur.

**Hofstaðaskóli**  
**Kl. 9.30** Úti náttúra - Skólatónleikar. Sinfóníuhljómveitar Íslands, 3. og 5. bekkur.  
**Kl. 10** Tónleikar, flutt verður frumsmíð torverk eftir nemendur úr 6. bekk.  
**Kl. 13.10** Samvera á sal, 6. bekkur fjallar um umhverfismál, fjóldsöngur og dans.

**Flátaskóli**  
**Kl. 10.30-11.30** Opíó hus, sýnd verða tónlistartrútur í söngveppinn "Flátovison" Verk nemenda sem unni hafa verið í tengslum við Listadaga í Garðabæ verða til sýnis í skólunum á meðan Listadaga standa yfir.

**Gærðortog**  
 Afrakstur listasmíðu sýndur á opnu húsi í háðlegu og sýnt verður brot af því besta sem nemendur hafa unnið. Boðið verður upp sápu í blómasal, kaffihús, skemmtiatriði og listsmíðingur verður allan skólann.

**Leikskólinn Kjarrið okkar**  
**Kl. 15.30** Börnin setja upp leiksmíðu á Kamnáld dyrranna eftir tónsmíða Saint Saëns. Foreldrar barnanna eru sérstaklega velkomnir.

**Tónlistarskóli Garðabæjar**  
 Tónleikar nemenda í framhaldsfangna. Dagskrá nánar auglýst á heimasíðu skólans, tongarús.

**LAUGARDAGUR 28. APRÍL**

**Tónlistarskóli Garðabæjar**  
 Tónleikar nemenda í framhaldsfangna. Dagskrá nánar auglýst á heimasíðu skólans, tongarús.

**Mönnunarsafn Íslands**  
 Leisöngur um sýninguna Fingarmál, nánar á heimunarsafni.

**Leikskóli í Garðabæ**  
 Opíó hus fyrir almenning - foreldrar jafnt sem öðrir bæjarbúar hjartanlega velkomnir!  
 Verk barnanna yfir velurinn eru sýnd, bakur, ljósmýndir og leiktöng eru latin ílgjia frammi og einnig er hægt að leika sér á útvæðnum leikskólunum. Foreldrar væntanlega leikskólubarna eru sérstaklega boðnir velkomnir og fá þarna gott tækifæri til að kynna sér það sem hver og einn leikskóli hefur upp á að bjóða.

**Leikskólinn Alnar**  
**Kl. 10-12** Opíó hus. Myndasýning úr skólastofnun, leikur og verk barna til sýnis.

**Leikskólinn Ásar**  
**Kl. 11-13** Opíó hus, umhverfislitaverk til sýnis.

**Leikskólinn Bæjarbóli**  
**Kl. 10-12** Opíó hus, listaverkið "Lækurinn okkar" til sýnis.

**Leikskólinn Heðarból**  
**Kl. 10-12** Opíó hus, gestir taka þátt í iníðanögungu og dansi, verk barnanna til sýnis, boðið upp á veitingar.

**Leikskólinn Kirkjuból**  
**Kl. 11-13** Opíó hus, afrakstur vetrarns sýndur, forelretalagíó verður með vöflusölu.

**Flátaskóli**  
**Kl. 10.30-11.30** Opíó hus, sýnd verða tónlistartrútur í söngveppinn "Flátovison" Verk nemenda sem unni hafa verið í tengslum við Listadaga í Garðabæ verða til sýnis í skólunum á meðan Listadaga standa yfir.

**Gærðortog**  
 Afrakstur listasmíðu sýndur á opnu húsi í háðlegu og sýnt verður brot af því besta sem nemendur hafa unnið. Boðið verður upp sápu í blómasal, kaffihús, skemmtiatriði og listsmíðingur verður allan skólann.

**Leikskólinn Kjarrið okkar**  
**Kl. 15.30** Börnin setja upp leiksmíðu á Kamnáld dyrranna eftir tónsmíða Saint Saëns. Foreldrar barnanna eru sérstaklega velkomnir.

**Tónlistarskóli Garðabæjar**  
 Tónleikar nemenda í framhaldsfangna. Dagskrá nánar auglýst á heimasíðu skólans, tongarús.

**LAUGARDAGUR 28. APRÍL**

**Tónlistarskóli Garðabæjar**  
 Tónleikar nemenda í framhaldsfangna. Dagskrá nánar auglýst á heimasíðu skólans, tongarús.

**Mönnunarsafn Íslands, Gærðortog**  
 Sýningarmar: Fingarmál og Sjálfsgáðir hlutir. Listasmíða á sýningunni Sjálfsgáðir hlutir, leisöngur, flautugæro og margvísleg listsköpun.  
**Kl. 11-13** Opíó hus.  
 Einng verða settar upp fjölbreyttar sýningar á fleiri stöðum í þannum, t.d. í íþróttamiðstöðinni Ásar. Í skólunum eru einng sýningar í stöfum og göngum með verku nemenda. Gestir og gangandi eru velkomnir í heimskól, hópar eru beðnir um að hafa samband við vikómann skóla ef á þarf að halda.  
 Fleiri viðburðir verða í skólum en taldir eru hér upp og á heimasíðu Garðabæjar má sjá alla dagskrá listadaganna, [www.gardabundur.is](http://www.gardabundur.is).

**Leikskólinn Lundaból**  
**Kl. 11-13** Opíó hus, afrakstur vetrarns sýndur, forelretalagíó leikskólans verður með árlega vöflusölu.  
**Leikskólinn Sjáland**  
**Kl. 10-12** Opíó hus, verk eftir börnin sýnd.  
**Smábarnaleikskólinn við Ránargrönd**  
**Kl. 11-13** Opíó hus.

**Sunnulólv**  
**Kl. 10-12** Opíó hus, sýning á verkefnum nemenda, söngatriði í boði nemenda og kaffi og veitingar í boði foreldra.

**SYNINGAR o.fl.**

**Sýningar á Gærðortogi**  
 Samnýning leik- og grunnskóla á hringlaga torginu fyrir framan bókasafnið, í Bókasafni Garðabæjar verða ymis listaverk eftir börn til sýnis og söng- og leikverk nemenda á Bæjarbóli sýnt á myndbandi. Samnýning myndlistarmanna úr Grosku í gönguvöðum, Leisöngur fyrir hópa eftir samkomulagi. Stefnumót listanna Grosku og skólalópa í vikunni 23. - 27. apríl



**Kjarrið**  
 Opíó hus, verkefni vetrarns til sýnis

**Lundaból**  
 Opíó hus, sýning á verku nemenda, leikist og listasmíða

**Heðarból**  
 Opíó hus, listaverkið tónal og göngingur

**Sunnulólv**  
 Opíó hus, listasmíðingur og göngingur

**Vífilsstöðir**  
 Listaverkasýning Sunnulólv og göngingur

**Barnskóli Hjaltestofnumur**  
 Ljósmyndar, söngatriði, ljósmýnda- og myndbandasýning

**Leikskólinn Kjarrið okkar**  
**Kl. 11-13** Opíó hus, laugardaginn 5. maí.

**Leikskóli leiddið Barneskóla Hjaltestofnumur**  
**Kl. 11-13** Opíó hus.

**Leikskólinn Lundaból**  
**Kl. 11-13** Opíó hus, afrakstur vetrarns sýndur, forelretalagíó leikskólans verður með árlega vöflusölu.  
**Leikskólinn Sjáland**  
**Kl. 10-12** Opíó hus, verk eftir börnin sýnd.

**Smábarnaleikskólinn við Ránargrönd**  
**Kl. 11-13** Opíó hus.  
**Sunnulólv**  
**Kl. 10-12** Opíó hus, sýning á verkefnum nemenda, söngatriði í boði nemenda og kaffi og veitingar í boði foreldra.

**Sýningar á Gærðortogi**  
 Samnýning leik- og grunnskóla á hringlaga torginu fyrir framan bókasafnið, í Bókasafni Garðabæjar verða ymis listaverk eftir börn til sýnis og söng- og leikverk nemenda á Bæjarbóli sýnt á myndbandi. Samnýning myndlistarmanna úr Grosku í gönguvöðum, Leisöngur fyrir hópa eftir samkomulagi. Stefnumót listanna Grosku og skólalópa í vikunni 23. - 27. apríl

**Leikskólinn Kjarrið okkar**  
**Kl. 11-13** Opíó hus, laugardaginn 5. maí, Leisöngur um sýninguna Fingarmál, nánar á heimunarsafni.  
**Leikskóli í Garðabæ**  
 Opíó hus fyrir almenning - foreldrar jafnt sem öðrir bæjarbúar hjartanlega velkomnir!  
 Verk barnanna yfir velurinn eru sýnd, bakur, ljósmýndir og leiktöng eru latin ílgjia frammi og einnig er hægt að leika sér á útvæðnum leikskólunum. Foreldrar væntanlega leikskólubarna eru sérstaklega boðnir velkomnir og fá þarna gott tækifæri til að kynna sér það sem hver og einn leikskóli hefur upp á að bjóða.

**Leikskólinn Alnar**  
**Kl. 10-12** Opíó hus. Myndasýning úr skólastofnun, leikur og verk barna til sýnis.

**Leikskólinn Ásar**  
**Kl. 11-13** Opíó hus, umhverfislitaverk til sýnis.

**Leikskólinn Bæjarbóli**  
**Kl. 10-12** Opíó hus, listaverkið "Lækurinn okkar" til sýnis.

**Leikskólinn Heðarból**  
**Kl. 10-12** Opíó hus, gestir taka þátt í iníðanögungu og dansi, verk barnanna til sýnis, boðið upp á veitingar.

**Leikskólinn Kirkjuból**  
**Kl. 11-13** Opíó hus, afrakstur vetrarns sýndur, forelretalagíó verður með vöflusölu.





## Listadagar barna og ungmenna – Hljómistarverkefni spurningar sendar út til skóla og samantekt af svörum

Yfirskrift **Listadaga barna og ungmenna** sem haldnir voru sl. vor var HljómList og það var einnig heitið á verkefni sem hófst sl. haust. Hljómistarverkefnið samanstóð á haustönn af námsstefnu í nýsköpun- og frumkvöðlamente fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla 16. september sl, hljóðfærasmíðjum fyrir yngstu börn grunnskóla og elstu börn leikskóla. Á vorönn var æfður sameiginlegur listadagadans og einnig voru æfð sameiginleg sönglög.

Markmið verkefnisins var að efla nýsköpun í námsumhverfi barna í leik- og grunnskólum í Garðabæ veturinn 2011-2012. Það var gert með því að flétta saman myndlist, hönnun, tónlist og dans í þemaverkefni undir heitinu HljómList. Afrakstur var svo m.a. sýndur á Listadögum á sameiginlegri hátíð í lautinni á Garðatorgi.

1) Á haustönn 16. september sl. var haldin námsstefna í nýsköpunar- og frumkvöðlamente fyrir starfsmenn í leik- og grunnskólum. Hefur sú námsstefna nýst ykkur í skólastarfi sl. vetur – þ.e. hafði það áhrif á skólastarfið?

*Svör: Námsstefnan nýttist fólki vel, opnaði hug kennara og hafði beint og óbeint samspil inn í skólastarfið. Hristi upp í kennurum og virkaði sem vítamínsprauta.*

2) Á haustönn voru haldnar hljóðfærasmíðjur fyrir yngstu börn grunnskóla og elstu börn leikskóla. Hvernig fannst ykkur til takast? Hélt verkefnið með einhverjum hætti áfram í skólastarfinu hjá ykkur? Voru hljóðfærin þróuð áfram og voru þau notuð í öðru skapandi starfi?

*Svör: Almennt álit að hljóðfærasmíðjan hafi tekist vel og kennarar og börn mjög ánægð. Mjög misjafnt hversu mikið skólar nýttu sér smíðjuvinnuna áfram inn í skólastarfið til að kenna öðrum aldurshópum.*

3) Á vorönn var í boði að fá leiðbeinendur í heimsókn til að kenna sérstakan listadagadans fyrir leik- og grunnskóla. Hvernig fannst ykkur til takast? Var hægt að nýta dansinn fyrir fleiri nemendur innan skólans með einhverjum hætti?

*Svör: Danskennslan tókst ákaflega vel en þó komu fram ábendingar um að dansinn hefði verið heldur einfaldur fyrir eldri aldurshópa. Dansinn var oft nýttur áfram innan skólanna og var kveikjan að öðrum skapandi verkefnum innan skólanna. Þó hefði mátt vera betra hljóð og mynd á myndskreiði af dansinum sem var sett inn á YouTube.*

4) Hvernig fannst ykkur hugmyndin að hafa sameiginleg sönglög og undirspil á disk takast?

*Svör: Sönglög sem valin voru virkuðu vel í samsöng en einhverjir leikskólar hefðu viljað hafa meira samráð um lagaval. Diskur með undirspili laganna var vel gerður og nýttist mörgum skólum vel við undirbúninginn.*

5) Hvernig fannst ykkur til takast með sameiginlegu hátíðina á Garðatorgi?

*Svör: Mikil ánægja var með hátíðina þar sem hljóðfærin úr hljóðfærasmíðjunum voru með í för. Góð stemning þar sem öll börn af öllum skólastigum tóku þátt fluttu saman listadagadans og sungu. Hefði mátt hafa atriði fyrir eldri börn með.*